

*Saurbæjarhreppur:*

17. Sölvadalsvegur, af Vatnsendavegi norðan Núpufells að Þormóðsstöðum.
18. Hólsgerðisvegur, af Eyjafjarðarvegi hjá Torfufelli að Hólsgerði með álmu austur yfir Eyjafjarðará.
19. Gilsbakkavegur, af Djúpadalsvegi norður frá Hvassafelli að brú á Skjöldalsá við Gilsbakka.
20. Saurbæjarvegur, af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ, um Háls, Velli og brú á Djúpadalsá hjá Ángerði.

*Öngulsstaðahreppur:*

21. Leifsstaðavegur, af Norðurlandsvegi norðan við Festarklett að Leifsstöðum.
22. Garðsárdalsvegur, af Laugalandsvægi neðan Hóls að Garðsá.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 75 31. maí 1958, um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Eyjafjarðarsýslu, nr. 55 17. maí 1926.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 41 4. apríl 1956, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 25. maí 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

**um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.**

**I. KAFLI**

**Um innheimtu gjalds af innlögðum vörum bænda.**

## 1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins sem hér segir:

- a. *Mjólk og mjólkurvörum*, sem lagðar eru inn hjá mjólkursamlögum, rjóma- húum og smjör-samlögum, svo og allri annarri mjólk, sem gjaldskyld er til Verðmiðlunarsjóðs, samkvæmt lögum nr. 59/1960, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.
- b. *Kindakjöti og hvers konar sauðfjárafurðum*, sem lagt er inn hjá sláturhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðvum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði.
- c. *Hrossa- og nautakjöti svo og húðum*, sem bændur og aðrir framleiðendur selja sláturhúsum, viðurkenndum slátrunarstöðvum og öðrum verzlunum.
- d. *Grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu*, sem seld er verzlunum, sölumiðstöðvum eða öðrum söluaðilum.
- e. *Garðávöxtum* hvers konar, sem framleiðendur hafa lagt inn í verzlunir eða sölumiðstöðvar.

- f. *Eggjum*, hverju nafni sem þau nefnast, er seld hafa verið verzlunum og öðrum sölumiðstöðvum.
- g. *Liffé*, sem selt er vegna fjárskipta, svo og sölu lifandi hrossa og nautgripa, er verzlanir eða sölumiðstöðvar verzla með, hvort heldur er á innlendum eða erlendum markaði.
- h. *Gærum og ull*, sem tekið er á móti í verzlanir eða verksmiðjur.
- i. *Grávöru* hvers konar, svo sem selskinnum, refa- eða minkaskinnnum, sem framleiðendur selja verzlunum eða verksmiðjum.

## 2. gr.

Gjald það, sem um ræðir í 1. gr., skal vera 1% af verði því, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna hverju sinni og rennur það í Stofnlánadeild landbúnaðarins.

## 3. gr.

Gjald það, sem um ræðir í 1. og 2. gr., greiðist af mjólkursamlögum, sláturhúsum, verzlunum, sölumiðstöðvum og öðrum, sem fyrst veita vörunum móttöku, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt framleiðendum, og má aldrei hækka söluverð hennar fyrir gjaldi þessu.

Skýlt er nefndum aðilum að afhenda þeim, sem innheimta er falin, skýrslur um mótttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðanda, samkvæmt því, sem nánar greinir í þessari reglugerð.

## 4. gr.

Innheimtunni skal hagað þannig, að verzlanir og sölumiðstöðvar eða aðrir, sem kaupa eða taka til sölu af framleiðendum gjaldskyldar vörur, skulu senda Framleiðsluráði landbúnaðarins ár hvert nákvæma skrá yfir magn vörunnar og verð hennar til framleiðenda, hvort tveggja fyrir næsta almanaksár á undan. Skránni skal fylgja hið lögboðna stofnlánagjald, 1% af verði því, sem framleiðendum er endanlega greitt fyrir vöruna, og skal hvort tveggja hafa horizt Framleiðsluráði fyrir þann tíma, er hér segir:

- a. Fyrir mjólk og mjólkurvörur, grænmeti, gróðurhúsaframleiðslu, grávöru, garðávexti, egg og líffé eigi síðar en 1. apríl ár hvert.
- b. Fyrir aðrar afurðir, svo sem sauðfjárafurðir, nautgripa- og hrossakjöt og húðir, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna og skýrsluskil eftir þeim reglum, er Framleiðsluráð landbúnaðarins setur, og er gjaldskyldum aðilum skýlt að hlíta þeim.

## 5. gr.

Skili greiðsluskyldur aðili, sbr. 3. gr., eigi framtali til Framleiðsluráðs á réttum tíma, getur það áætlað gjaldið. Þyki greiðanda áætlunin ósanngjörn, skal hann innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um áætlunina, leggja fram fullnægjandi sannanir fyrir því, að áætlunin sé of há og skulu umkvartanir greiðanda þá teknar til greina, eftir því sem unnt er.

## 6. gr.

Heimilt er, ef ástæða þykir til, að innheimta hið lögboðna gjald af bókfærðu áætlunarverði verzlana eða sölumiðstöðva, og greiðist þá síðar gjald af eftirstöðvum verðsins, þegar endanlegt verð til framleiðenda liggur fyrir.

Nú er framtalskýrsla ófullkomin eða tortryggileg, eða sýnilega gerð til mála-mynda, og er Framleiðsluráði þá heimilt að áætla gjaldið, eins og að framan segir. Framleiðsluráð skal og, ef ástæða þykir til, sækja hlutaðeigendur til ábyrgðar fyrir vanrækslu á að skila skýrslum og gjöldum, svo og fyrir ágalla á framtalskýrslum.

## II. KAFLI

## Um innheimtu gjalds af söluvörum landbúnaðarins.

## 7. gr.

Auk gjalds, sem um ræðir í I. kafla þessarar reglugerðar, skal einnig greiða sérstakt gjald, sem bætist við útsöluverð mjólkur og rjóma og heildsöluverð annarra landbúnaðarvara. Skal gjald þetta vera 0.75% af verðlagsgrundvallarverði landbúnaðarafurða, eins og það er á hverjum tíma, og enn fremur af heildsöluverði innfluttra kartaflna. Undanþegnar gjaldi þessu eru þó útfluttar landbúnaðarafurðir.

Gjald af unnum vörum úr afurðum í verðlagsgrundvelli, þótt ekki séu þar tilfærðar sérstaklega, svo sem smjör, ostar o. fl., skal reikna af áætluðu verði, samkvæmt verðlagningarreglum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Gjald af vörum, sem ekki eru í grundvelli, skal miðast við 0.75% af útborgunarverði til bændu.

Gjaldið skal greitt af sömu vörutegundum og upp eru taldar í 1. gr., sbr. þó niðurlag 1. málslíðar þessarar greinar, og sömu aðilar skulu standa skil á því og taldir eru í 3. gr.

## 8. gr.

Gjald þetta greiðist eftir á fyrir hálf t. á ári í senn. Í fyrsta sinn greiðist gjaldið fyrir 1. febrúar 1963 fyrir mánuðina júní—desember 1962 að báðum mánuðunum meðtöldum. Síðan skal það greitt fyrir 1. ágúst og 1. febrúar ár hvert, fyrir næst liðnu 6 mánuði.

## 9. gr.

Um innheimtu gjaldsins gilda að öðru leyti reglur 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar eftir því sem við á.

## III. KAFLI

## Almenn ákvæði.

## 10. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi innheimtu þeirra gjalda, er reglugerð þessi fjallar um. Skal því jafnan heimilt að athuga bókhald greiðsluskyldra aðila, vegna gjalda þessara, eftir því sem það telur þörf.

Framleiðsluráð greiðir inn í Stofnlánadeild landbúnaðarins hin innheimtu gjöld, eigi síðar en mánuði eftir að þau hafa verið innheimt. Kostnað Framleiðsluráðs við innheimtu þessa, greiðir stofnlánadeild eftir reikningi.

Endurskoðendur Búnaðarbankans skulu endurskoða reikningsskil Framleiðsluráðs fyrir gjöldunum og skal þeim heimill aðgangur að öllum þeim gögnum, er gjöldin varða og Framleiðsluráð getur í té látið.

## 11. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum atriðum, er innheimtuna varða, sker landbúnaðarráðherra úr.

## 12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 75 25. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum til að öðlast gildi 1. júní 1962, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. maí 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*